

Umhverfismarkmið

Norðurá bs.

Í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Stekkjarvík er kveðið á um umhverfismarkmið:

2.3.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Starfa má samkvæmt eigin kerfi eða velja staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Stjórn Norðurár bs setur því starfsemi félagsins svohljóðandi umhverfismarkmið:

Markmið	Takmark	Hlutaðeigandi aðilar
Að sjónræn áhrif vegna urðunarstaðarins verði sem minnst. Að áhrif urðunarstaðarins á nærumhverfi verði sem minnst.	<ol style="list-style-type: none"> Að halda aftur af foki og lykt með góðri meðhöndlun og yfirlagi í urðunarhólfi. Að hreinsa sem mest jafnóðum efni sem fýkur úr urðunarreinum. Takmarka losun í hvassviðri Fæla vargfugl frá eins og kostur er 	Starfsmenn og viðskiptavinir
Að ekki fari í urðunarhólf annað efni en það sem heimilt er að urða	<ol style="list-style-type: none"> Að flokka frá allt það efni sem berst og ekki má fara til urðunar. Gera athugasemdir við viðskiptavini og óska eftir að verkferlar þeirra verði leiðréttir ef mögulegt er. 	Starfsmenn og viðskiptavinir
Að sigvatn verði ekki til skaða í umhverfinu	<ol style="list-style-type: none"> Að gæta vel að því að í urðunarhólfið fari ekki þau efni sem skila óæskilegum eða skaðlegum efnasamböndum í sigvatn. Að gæta þess að hreinsivirki sigvatns sé í góðu lagi og virki rétt. 	Starfsmenn, heilbrigðiseftirlit, stjórn félagsins.
Að hafa reglubundna og vandaða vöktun á sigvatni og grunnvatni inna áhrifasvæðis urðunarstaðarins.	<ol style="list-style-type: none"> Að fylgjast með efnamælingum og bregðast við þeim ef kostur er. Náin vöktun á umhverfisáhrifum sigvatns, grunnvatns og yfirborðsvatns til að fyrirbyggja skaðleg áhrif á umhverfið. 	Starfsmenn, heilbrigðiseftirlit, stjórn félagsins og ráðgjafar með sérfræðipækkingu þessu sviði.
Að takmarka eins og kostur er losun metangass frá urðunarhólfi Að nýta það gas sem dælt er upp sem orkugjafa eða til annarra gagnlegra nota.	<ol style="list-style-type: none"> Að setja gashreinsibúnað í þá hluta hólfsins sem hafa verið toppfylltir. Að koma upp búnaði til að nýta gasið en brenna því sem ekki næst að nýta. 	Starfsmenn, stjórn og ráðgjafar sem hafa sérþekkingu á þessu sviði.

<p>Að vinna með sveitarfélögum á þjónustusvæði urðunarstaðarins að því að takamarka þann úrgang sem fer til uðunar.</p>	<ol style="list-style-type: none">1. Að taka þátt í og efna til verkefna á sviði umhverfismála þar sem úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi verði meginþemu.2. Að styðja við kynningu og fræðslu til almennings um úrgangsstjórnun og bættu umhverfisvitund	<p>Stjórn, starfsmenn, sveitarstjórnir og umhverfisnefndir á vegum sveitarstjórna. Heilbrigðiseftirlit og eftir atvikum Umhverfisstofunu.</p>
<p>Að starfsemin sé ávallt þannig að hún uppfylli ákvæði laga og reglugerða og starfsleyfis um meðferð og förgun úrgangs.</p>	<ol style="list-style-type: none">1. Að fylgjast grannt með þeim breytingum sem kunna að verða á regluverki um úrgang og leitast við að uppfæra rekstrarforsendur samkvæmt þeim.2. Að uppfæra starfsleyfi í samræmi við breyttar forsendur í rekstri og regluverki.	<p>Stjórn, ráðgjafar, starfsmenn og eftirlitsaðilar.</p>

Samþykkt af stjórn Norðurár bs 4. desember 2023